Reykjavík

Frístundaheimilið Álfheimar

Starfsáætlun 2026-2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:
Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

LÁTUM DRAUMANA RÆTAST

Efnisyfirlit:

Inngangur 3
Innra mat 2025-2026 3
Umbótaáætlun 2026-2027 4
Þróunarverkefni og áherslur starfsársins 5
Helstu dagsetningar 6
- Ágúst 6
- September 6
- Október 7
- Nóvember 7
- Desember 7
- Janúar 7
- Febrúar 7
- Mars 7
- Apríl 7
- Maí 7
- Júní 7
- Júlí 7

Inngangur

Í þessari starfsáætlun er fjallað um innra mat frístundaheimilisins Álfheima auk þess sem tilgreindir eru viðburðir og dagsetningar í hverjum mánuði sem skiptir máli í starfinu.

Markmið með innra mati er að efla árangur og gæði frístundastarfs. Metið er út frá útgefnum Viðmiðum og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs Reykjavíkurborgar þar sem vísbendingar sem þykja framúrskarandi eða mjög góðar eru taldar til styrkleika en vísbendingar sem fá einkunnina ábótavant eða óviðunandi fara í umbótaáætlun. Niðurstöður viðhorfskannana eru ávallt ryndar í innra mati.

Innra mat 2025-2026

Styrkleikar og tækifæri eru byggð á niðurstöðum úr innra mati síðasta árs og unnin út frá matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats.

Styrkleikar (vísbendingar sem fá A)

- Í frístundastarfinu er hlúð að börnum í samræmi við þarfir og þroska hvers og eins svo börnin fái notið bernsku sinnar.
- Í frístundastarfinu er lögð áhersla á styrk barna og áhuga.
- Skilaboð til barnanna og mikilvægar upplýsingar eru myndrænar og sýnilegar í þeirra hæð.
- Börnin eru hvött til að vera forvitin og takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni, þar sem náttúra og nærumhverfi eru nýtt sem vettvangur leiks og starfs.
- Boðið er upp á frjálsan leik og skipulagt hópastarf í almennu starfi.
- Dagskipulag er endurmetið reglulega út frá þörfum barnanna. Verkaskipting og ábyrgð starfsfólks í daglegu starfi er skýr og öllum ljós.
- Frístundaheimilið veitir viðeigandi fræðslu til nýrra starfsmanna frístundaheimilis, hvetur til símenntunar og skapar aðstæður til starfsþróunar
- Forstöðumaður virkjar starfsfólk, börn og aðra hagsmunaaðila við mótun þjónustunnar.
- Starfsfólk er hæft og hefur frumkvæði að því að nýta áhugamál sín og þekkingu í starfi.
- Samskipti starfsfólks við börnin og hvert annað, einkennast af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnarmiðun. Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað og börnin.
- Markvisst samstarf er við foreldra, aðra samstarfsaðila og gott upplýsingaflæði um starfsemina.
- Tekið er á móti börnum og þau kvödd með skipulögðum hætti, þannig að ljóst sé hve mörg börn eru á frístundheimilinu hverju sinni.
- Skipulag húsnæðis og útileiksvæðis gerir ráð fyrir ólíkum viðfangsefnum barna og börnum eru tryggð jöfn tækifæri þegar kemur að vali.
- Úrval af efniviði og búnaði er til staðar sem höfðar til mismunandi áhugasviðs barna og mætir þörfum þeirra óháð aldri og þroska.

Tækifæri (vísbendingar sem fá C eða D)

- Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.
  - Er skipulega unnið með lýðræði í starfi með börnunum?

- Starfsumhverfi er án aðgreiningar og einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.
  - Taka stjórnendur frístundaheimilisins þátt í móttökuviðtölum, til að stuðla að farsæld barna?
- Samskipti starfsfólks við börnin og hvert annað, einkennast af umhyggjusemi, þolinmæði og lausnarmiðun. Starfsfólk hrósar og hvetur hvert annað og börnin.
  - Hrósar starfsfólk hvert öðru og börnunum?

Umbótaáætlun 2026-2027

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Sitja stjórnendur frístundaheimilis móttökuviðtöl?
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Að stjórnendur frístundaheimilis sitji fundina
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Óska eftir aftur að skólastjórnendur boði stjórnendur frístundaheimlisins í móttökuviðtöl.
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026-júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Tala við skólastjórnendur og óska eftir að fá að sitja fundina.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að stjórnendur frístundaheimilisins fái ávallt boð um að sitja móttökuviðtöl.

Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin/Lýðræði og þátttaka, Starfshættir og viðfangsefni, Faglegt starf, Bjargir og skipulag)	Hrósar starfsfólk hvert öðru og börnunum?
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Það verði eðlilegt að hrósa hvert öðru á frístundaheimilinu. Bæði milli starfsmannanna og til barnanna.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Ræða það á starfsmannafundum, starfþróunarsamtölum og á örfundum í upphafi dags. Stjórendur verði fyrirmyndir og vinni með markvisst hrós. Starfsfólk hrósi markvisst börnunum, lágmark 3 hrós á dag. Börnin tekin í umræðuhópa, læri hvað er hrós og hvernig maður hrósar.

Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Nóvember 2026-júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Rætt um það í starþróunarsamtölum, einn á einn, tekið fyrir á fundum. Rætt við börnin, hvort þau hafi tekið eftir að hafa fengið hrós.
Viðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Í gegnum spjall, hvernig starfsfólkinu líður í vinnunni, í gegnum fundi og starfsþróunarsamtöl. Að allir starfsmenn hafi fengið hrós í lok vetrar.
Heiti aðgerðar:	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. út frá köflum í matsblöðum fyrir áhersluþætti innra mats. Börnin eru virkir þátttakendur og hafa jöfn tækifæri til að hafa áhrif á starfið og aðstæður. Lýðræðisleg vinnubrögð eru hluti af reglulegu starfi.	Er skipulega unnið með lýðræði í starfi með börnunum?
Tækifæri til umbóta. Út frá innra mati frá fyrra ári.	Að börnin hafi bein lýðræðisleg áhrif á starfið.
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Unnið að meiri aðkomu barnanna í barnaráði , þau hafi bein áhrif í ákvörðunartöku á ákveðnum þáttum í frístundaheimlinu. T.d með hugmyndabanka, teknar kannanir og börnin því ráða niðurstöðunni.
Ábyrgð	Forstöðumaður og aðstoðarforstöðukona
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Janúar -júní 2027
Hvenær og hvernig á að endurmeta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsmenn og stjórnendur skipuleggja vettvang til þess að koma barnaráði að. Búa til og hafa virkan hugmyndabanka. Setja fyrir kannanir þar sem kosið er um og fylgt er þeirra niðurstöðu.
BViðmið um árangur. Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að það verði virkt barnaráð í Álfheimum sem komi með beinum hætti að ákvörðunum á ákveðnum þáttum frístundaheimilisins.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og Almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur 2025-2027.

Barnablaðið

Frístundaheimilin í Breiðholti gefa út barnablað einu sinni í mánuði þar sem unnið er með ákveðna tegund læsis í hverju blaði. Í blaðinu er útskýring á einni læsistegundum hverju sinni og spurningar sem viðmælendur blaðsins eru spurðir tengdar því. Tvö börn frá hverju frístundaheimili eru viðmælendur hverju sinni. Unnið er með frístundalæsi sem snýr að eflingu máls og læsis barna í gegnum leik á frístundaheimilinu.

Barnaráð Álfheima

Barnaráð er liður í Barnasáttmálaverkefni Unicef. Álfheimar munu hljóta viðurkenningu sem réttindafrístund í nóvember og vinnur starfsfólk með börnunum verkefni í tengslum við greinar Barnasáttmálans.

Breiðholt got talent

Breiðholt Got Talent er hæfileikakeppni frístundaheimilanna í Breiðholti. Öllum börnum stendur til boða að taka þátt í undankeppni innan síns frístundaheimilis og fara tvö atriði frá hverju frístundaheimili og keppir í sameiginlegri hæfileikakeppni frístundaheimilanna í Breiðholti.

Leiklist

Seinustu ár hafa frístundaheimilin í Breiðholti verið með leiklistarsýningar. Í ár ætlum við að þróa undirbúning fyrir sýninguna og fá börnin til að taka virkan þátt í honum. Börnin koma undir handleiðslu starfsmanns að leikmynd og búningagerð fyrir sýninguna. Þá fá börnin að njóta sín í að skapa þætti í kringum sýninguna. Fá þannig fleiri börn tækifæri til að taka þátt í leiklistinni án þess að þurfa að vera á sviði.

Léttspjall strákaklúbbur

Er verkefni sem við ætlum að vinna í grunninn frá verkefninu Strákar spjalla. Drengir sem eiga erfitt í félagslegum samskiptum. Þar mun starfsmaður vera með strákahóp í fjölbreyttum og skemmtilegum dagskráliðum sem venjulega er ekki í gangi á frístundaheimilinu, t.d fara í ferðaklúbb, gera saman eitthvað verkefni eða undirbúa viðburð. Þar mun starfsmaður styrkja hópinn, leiðbeina þeim og efla félagssamskiptin innan hópsins.

Helstu dagsetningar

Ágúst
24.08 - Skólasetning

September

14.09- Útileikir og náttúran
16.09- Dagur íslenskrar náttúru
17.09- Foreldrakynning
18.09- Starfsdagur skóla

Október
5.10- Íþróttavika
8.10- Starfsdagur skóla
22.-26.10- Vetrarleyfi

Nóvember
9.11- Vináttuvika
16.11- Réttindavika
20.11- Dagur mannréttinda barna
26.11- Leiklistarhátíð Dýrin í Hálsakógi
27.11- Starfsdagur skóla, heill dagur.

Desember
03.12 – Jólaforeldrakaffi og föndur
21.12-23.12 – Starfsdagar skóla
28.12-30.12 – Starfsdagar skóla

Janúar
04.-05.01- Starfsdagar skóla
18.01- Þorravika

21.01- Bóndadags kaffi

Febrúar
10.02- Öskudagur
12.02- Breiðholt Got Talent
22.-23.02 - Vetrarleyfi
24.02- Góuvika - konud.kaffi

Mars
15.03- Regnbogavika
23.03- Kváradagur

Apríl
19.04- Barnamenningarhátíð14

Maí
10.05- Úti /samvinnuleikir.

Júní
10.06- Skólaslit
14.06- Sumarfrístund

Júlí


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST